

GJALDSKRÁ

vegna hunda- og kattahalds í Reykhólahreppi.

1. gr.

Við skráningu hunda og katta skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráningargjald eins hunds í þéttbýli	kr. 16.300
Skráningargjald eins kattar	kr. 10.200

2. gr.

Af skráðum hundum og köttum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Árlegt leyfisgjald vegna eins hunds í þéttbýli	kr. 16.300
Árlegt leyfisgjald vegna eins kattar	kr. 10.200

Árlegt leyfisgjald greiðist ekki það ár sem skráningargjald er greitt.

Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið niður.

3. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

Föngunargjald	kr. 13.600
---------------	------------

Óskráða hunda má ekki afhenda fyrir en að lokinni skráningu.

4. gr.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt leyfisgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu og þegar gengið hefur verið frá afskráningu.

Heimilt er að fella niður eða ákveða lægra gjald fyrir nytjahunda, svo sem hunda sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa og minkahunda. Af leiðsöguhundum sem blindir eða sjóndaprir nota vegna fötlunar sinnar skal ekki greiða gjald.

5. gr.

Gjalddagi árlegs leyfisgjalds er 1. maí og eindagi 31. maí. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga, auk áfallins innheimtukostnaðar. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni miðast við neysluerðsvisitölu í desember 2023 (604 stig) og breytast í samræmi við hana árlega. Gjaldskráin tekur gildi við birtingu, á sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1727/2023.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í sveitarstjórn Reykhólahrepps 11. desember 2024.

Reykhólahreppi, 11. desember 2024.

Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri.